

Afbrotatíðindi Ríkislögreglustjóra




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Júní 2011 // BRÁÐABIRGÐATÖLUR

Nauðganir tilkynntar til lögreglu árin 2008 til 2010

Fjöldi nauðgana sem tilkynntar voru til lögreglu árin 2008, 2009 og 2010 má sjá á mynd 1. Alls voru þær 289. Flestar voru þær árið 2009 eða um 34% af heildarfjölda. Svipaður fjöldi nauðgana er tilkynntur árin 2008 til 2010 eða um og yfir 95 á ári. Þegar litið er til síðustu þriggja ára er lítil sem engin sveifla milli ársfjórðunga en tilkynntar nauðganir eru þó aðeins fleiri í byrjun árs, þ.e. frá janúar til mars. Hafa þarf í huga að í sumum tilfellum eru nauðganir tilkynntar lögreglu einhvern tíma eftir að meint brot átti sér stað. Umræddar tölur sýna fjölda tilkynnta nauðgana á árunum 2008 til 2010 burt séð frá dagsetningu brots.




Mynd 1. Fjöldi tilkynnta nauðgana árin 2008 til 2010.

Þróun það sem af er ári

Mynd 2 sýnir fjölda hegningarlagabrota árin 2009, 2010 og það sem af er 2011. Skráð hegningarlagabrot í júní á þessu ári voru 1.045 sem er 7% fleiri brot en skráð voru í maí. Fjöldi brota var sá sami í apríl og júní eða 1.045. Samanburður á fjölda brota í júní 2009 og júní 2011 sýnir að þeim hefur fækkað um 30%. Alls voru 5.963 hegningarlagabrot skráð fyrsta hálfa árið 2011. Lítil sveifla er í þróun hegningarlagabrota milli mánaða en að meðaltali hafa þau verið 230 á viku á ári.

Fækkun hefur orðið í öllum helstu brotaflokkum milli árána 2010 og 2011 að undanskildum fíkniefnabrotum. Samanburður miðast við sama tímabil, þ.e. frá janúar til júní. Innbrotum fækkaði hlutfallslega mest eða sem nam um 50% og hraðakstursbrotum um 30%. Þróun þjófnaðarbrot, eignaspjalla og ölvunar við akstur sýnir að þeim brotum hefur fækkað frá árinu 2009 til 2011. Meiri sveifla er í flokki líkamsárása en þeim fækkaði um 12% milli árána 2010 og 2011. Fíkniefnabrotum fjölgaði milli árána 2009 og 2011 um 11%.



Mynd 2. Fjöldi hegningarlagabrota 2009, 2010 og það sem af er ári 2011 greint eftir mánuðum.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í janúar- júní 2009, 2010 og 2011.

	Jan.-júní'09	Jan.-júní '10	Jan.-júní '11
Hraðakstursbrot	19.244	20.011	14.118
Þjófnaðarbrott	2.620	2.175	1.983
Eignaspjöll	1.597	1.521	1.195
Innbrot	1.854	1.744	890
Ölvun við akstur	701	638	577
Fíkniefnabrot	683	710	757
Líkamsárás (217.-218. gr.)	550	570	503